

Nr. 40

10. febrúar 1974

VÉLAR OG TÆKI

Mælingar á sjó í loðnu við löndun

Jóhann Guðmundsson

Í skýrslu þessari er greint frá mælingum á magni af sjó eða vatni, sem blandað er í bræðsluloðnu, þegar hún kemur á flutningatæki við skipshlið.

Bræðsluloðnu er yfirleitt landað með dælum. Til þess að unnt sé að dæla loðnunni þarf fyrst að blanda hana sjó eða vatni, sem síðan er skilið frá henni, áður en hún er vigtuð. Algengast er, að notaðar séu svonefndar sjóskiljur, en það eru hallandi ristar, sem loðnunni er dælt á. Vatnið hripar niður úr ristunum, en loðnan rennur af þeim vegna hallans á flutningatæki.

Útbúnaður þessi hefur ekki þótt skilja vatnið nægilega vel frá loðnunni, og settu því nokkrar verksmiðjur upp viðbótartæki til frekari aðskilnaðar. Þar er ýmist um að ræða flutningasnigla með gatasigti í botni og á hliðum snigilkápunnar, svipað forsíum í loðnuverksmiðjum, eða netfæribönd þar sem vatnið rennur af loðnunni.

Mjög mikilvægt er að ná sem mestu af vatni og sjó úr loðnunni, þar eð hækkað vatnsinnihald rýrir mjög geymslupól hennar, auk þess að sjór úr höfnum, sem oft er notaður, er yfirleitt gerlamengaður og dregur það ennfrekar úr geymslupólinu.

Sjómagnið í loðnunni er að sjálfsögðu háð skiljubúnaðinum, löndunarhraðanum og sennilega einnig ástandi loðnunnar.

Sjómælingar voru framkvæmdar á fimm löndunarstöðum og var skiljubúnaður eftirfarandi:

Löndunarstaður

A

B

C

D

E

Skiljuútbúnaður

Venjuleg sjóskilja

"

"

"

"

"

"

"

"

+ snigill með
gatasigti
+ netfæriband

Sýnishorn voru tekin er loðnan féll af skiljunum. Niðurstöður mælinga voru eftirfarandi:

<u>Löndunarstaður</u>	<u>Dags.</u>	<u>Sjór %</u>	<u>Sjór % meðaltal úr farmi</u>	<u>Efnagreinig á sjó frá skiljum</u>
A	2/3	2,3 2,5 3,0 3,3 4,0 4,0 3,0	3,2	
B	lok feb.	2,5 4,0 1,6 5,5 8,3	4,4	
B	"	2,5 5,8 7,5 5,5	6,1	
B	3/4	2,7 2,5 2,0 3,7 3,5 3,0 3,1 2,7	2,9	Þurrefni 3,5% Salt 0,7%
C	7/3	7,0 8,0 10,0 10,0 8,8 11,0 8,5	9,0	Þurrefni 5,6% Salt 1,8%
C	5/4	5,0 8,0 12,0 14,0 13,3 13,3 10,7 8,7 6,3 7,3 4,3	9,3	Þurrefni 3,8% Salt 1,1%
D	lok feb.	2,3 2,5 4,3	3,0	

<u>Löndunarstaður</u>	<u>Dags.</u>	<u>Sjór %</u>	<u>Sjór % meðaltal úr farmi</u>	<u>Efnagreining á sjó frá skiljum</u>
D	lok feb	10,0 3,3 3,3 3,5	5,0	
D	7/3	5,5 2,8 3,3 3,0 3,5	3,6	
D	5/4	2,8 4,3 3,7 4,3 4,0 5,3	4,1	purrefni 2,3% Salt 0,7%
E	frá 20/2 til mars- loka	6,0 4,0 2,0 2,0	3,5	
	"	2,0 2,0 1,0	1,7	
	"	8,0 3,0 2,0	4,3	
	"	4,0 5,0 2,0	3,7	
	"	1,0 11,0 2,0 5,0	4,7	
	"	11,0 3,0 2,0	5,3	

Meðalsjómagn í þeim loðnuförmum, sem mældir voru á A, B og C, þar sem sjóskiljur af venjulegri gerð voru notaðar, var 5,8%, í D, þar sem snigill með gatasigti var notaður auk skilju, 3,9%, í E, þar sem netafæriband var notað auk skilju, 3,9%.

Viðbótarútbúnaðurinn hefir því að meðaltali fjarlæggt um þriðjunginn af því vatni, sem er blandað loðnunni er hún kemur frá skiljunum.

Meðalefnagreining á sjó frá skiljum var 3,8% þurrefni og 1,1% salt.